

Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins lagðar fyrir ársfund 25. apríl 2012.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun. -

Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins

4. Stjórn

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum, þremur skipuðum af stjórn Arion banka hf. og fjórum kjörnum á ársfundi sjóðfélaga til tveggja ára í senn. Arion banki hf. skal skipa tvo varamenn og tveir varamenn skulu kjörnir á ársfundi sjóðfélaga til eins árs í senn.

Rökstuðningur

Lagt er til að skýrt sé kveðið á um kjörtímabil kosinna varamanna.

8. Tryggingavernd

- 8.2. Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður þrjá kosti til öflunar lágmarkstryggingaverndar. Sjóðfélagar geta valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn og sama gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku samþykktu þessara. Ef nýr sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur ákveðna samtryggingarleið er hann sjálfkrafa settur í Frjálsu leiðina.

Erfanlega leiðin. Lágmarkstryggingavernd tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr tryggingadeild hefjast þegar sjóðfélagi er við 82- 85 ára aldurs sbr. gr. 8.6.

Frjálsa leiðin. Lágmarkstryggingavernd tryggð eingöngu í samtryggingu.

Tryggingaleiðin. Lágmarkstryggingavernd tryggð eingöngu í samtryggingu.

- 8.6. Bundin séreign myndast af þeim hluta iðgjalds til öflunar lágmarkstryggingaverndar sem varið er til séreignarmyndunar í Erfanlegu leiðinni. Bundin séreign er að fullu séreign réttahafans og erfist samkvæmt erfðalögum. Þessi séreign skal greidd með jöfnum greiðslum frá lífeyrisaldri til 82-85 ára aldurs skv. vali sjóðfélaga en þá taka við greiðslur úr tryggingadeild til æviloka. fram til þess tíma er greiðslur hefjast úr tryggingadeild Ef sjóðfélagi velur að greiðslum bundinnar séreignar ljúki áður en 85 ára aldri er náð mun fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris úr tryggingadeild lækka sbr. töflu T4.

- 8.7. Iðgjöld sem greidd eru til tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla l. 129/1997. Greiðsla ellilífeyris úr tryggingadeild skv. Frjálsu leiðinni hefst við 70 ára aldur, skv. Erfanlegu leiðinni þegar sjóðfélagi er við 82-85 ára aldur og skv. Tryggingaleiðinni við 67 ára aldur og er til æviloka. Réttindaöflun í tryggingadeild ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds og lengd iðgjaldsgreiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Töflur T1 og T2 kveða á um réttindi sem aflað er með innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum. Réttindaöflun samkvæmt töflu T1 er miðuð við aldur sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af til vísitölu neysliverðs fyrir þann mánuð sem lífeyrir er greiddur fyrir. Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldurskeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt

réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsendna, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindartaflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.

Rökstuðningur við gr. 8.2, 8.6 og 8.7.

Samkvæmt núgildandi samþykktum hjá þeim sjóðfélögum sem hafa valið Erfanlegu leiðina er bundin séreign greidd út mánaðarlega frá töku lífeyris til 85 ára aldurs en þá taka við greiðslur úr tryggingadeild til æviloka. Yfirleitt eru mánaðarlegar greiðslur úr bundinni séreign frá töku lífeyris til 85 ára aldurs lægri en mánaðarlegar greiðslur úr tryggingadeild frá 85 ára aldri. Markmið breytinganna er að gefa sjóðfélaga kost á að jafna lífeyrisgreiðslurnar með því að velja styttra útgreiðslutímabil á bundinni séreign sem þýddi að hún gæfi af sér hærri mánaðarlegar greiðslur. Jafnframt myndu greiðslur úr tryggingadeild lækka skv. töflu T4 því þær myndu hefjast áður en 85 ára aldri væri náð.

Tafla T4

Réttindatafla tryggingadeildar skv. gr. 8.6

Breyting ellilífeyrisréttinda ef sjóðfélagi velur að greiðslum bundinnar séreignar ljúki fyrir 85 ára aldur í Erfanlegu leiðinni en þá taka við ellilífeyrisgreiðslur úr tryggingadeild til æviloka.

Taflan sýnir ellilífeyrisréttindi sem hundraðshluta af lífeyrisréttindum við 85 ára aldur í Erfanlegu leiðinni.

<u>Erfanlega leiðin</u>	
<u>Aldur</u>	<u>Hlutfall</u>
<u>82</u>	<u>63</u>
<u>83</u>	<u>73</u>
<u>84</u>	<u>85</u>
<u>85</u>	<u>100</u>

9. Iðgjald

9.1. Iðgjald til Frjálsa lífeyrissjóðsins er frjálst en að lágmarki 12%, sbr. 2. gr. laga nr. 129/1997, sbr. þó V. bráðabirgðarákvæði laga nr. 129/1997, sbr. lög nr. 167/2006. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga skv. grein 8.2.

Erfanlega leiðin. 3,10% í samtryggingu og 6,55% í bundna séreign.

Frjálsa leiðin. 7,40% í samtryggingu.

Tryggingaleiðin. ~~12~~12% í samtryggingu.

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 25 ára aldur.

Rökstuðningur við gr. 9.1

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar er hækkað í 12% í samræmi við lágmarksiðgjald skv. lögum en í Tryggingaleiðinni er öllu iðgjaldi ráðstafað til öflunar lífeyrisréttinda í tryggingadeild. Þetta hefur í raun engar breytingar í för með sér fyrir sjóðfélaga því iðgjöldum skv. tryggingaleiðinni hefur ávallt verið ráðstafað í tryggingadeildina.

16. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

- 16.1. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Lífeyrisþegi getur sótt um greiðslur aftur í tímann til þess aldurs sem lífeyristaka gat fyrst hafist og er lífeyrisþega heimilt að fá þá upphæð greidda út í einu lagi. Ellilífeyrisgreiðslur aftur í tímann úr tryggingadeild takmarkast þó við þann aldur sem fram kemur í gr. 10.1. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en Heimilt er að takmarka greiðslu lífeyris úr tryggingadeild við fjögur ár aftur í tímann, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til ellilífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, óski hann þess. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðir þessar uppfærast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Rökstuðningur við gr. 16.2

Með breytingunni eru eingreiðslur í tryggingadeild til ellilífeyrisþega leyfðar aftur til þess aldurs sem lífeyristaka getur fyrst hafist en þó að hámarki fjögur ár aftur í tímann. Þó verður hægt að taka bundna séreign út í eingreiðslu aftur í tímann til 60 ára aldurs en þá geta útgreiðslur hennar fyrst hafist.